

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi um það, eptir hverri verðlagsskrá eigi að reikna vegabótagjaldið. 1867.
9. nóvember.

Í bréfi dagsettu 6. júnímán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins útaf ágreiningi millum yðar og sýslumannsins í Rangárvallasýslu um það, hvort að eigi að reikna vegabótagjald það, sem lögboðið er í tilskipuninni um vegina á Íslandi 15. marzmán. 1861 16. grein, eptir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi um það leyti, er hreppstjórnir eiga að semja og senda sýslumönnum nafnaskrár yfir alla verkfæra menn í hreppnum, eða eptir verðlagsskránni fyrir það árið, er gjaldið er heimtað saman á manntalsþingunum.

Nú er stjórnarráðið hefir skrifazt á við hina amtmennina um þetta málefni, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að gjald það, er hér ræðir um, ber að reikna eptir verðlagsskránni fyrir undanfarið ár.¹

59. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um húsið handa bókasafni latínu-skólans í Reykjavík. 9. nóvember.

Með bréfi dagsettu 22. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bæði eptirrit af skoðunargjörð, sem framför 13. s. m., þá er bókahús það, sem byggt hefir verið fyrir gjöf Charles Kelsalls, var afhent yfirstjórn Reykjavíkur skóla, og reikning, 12 rd. 94 sk. að upphæð, fyrir að festa upp í tæðu bókahúsi minnisþjald það, er sent var með bréfi stjórnarráðsins 12. aprílmán. þ. á., og hafið þér farið þess á leit, að upphæð greinds reiknings verði borguð yður, og að manni þeim, sem þér hafið falið á hendur að hafa tilsjón með byggingu húss þessa, þorvaldi

¹) Sama dag var hinum amtmönnum tilkynntur þessi úrskurður.

1867.

9. nóvember.

Stephensen bæjarfulltrúa, verði veitt 100—150 rd. þóknun fyrir þann starfa sinn. Þér hafið jafnframt skýrt frá, að þér hafið afhent skólameistarannum hið nýja bókahús og falið umsjónarmanni skólans á hendur að hafa daglega umsjón á húsinu, og að þér hafið leyft um stundarsakir, að nokkrum af bókum stíptsbókasafnsins sé raðað upp í bókahúsinu, og að nokkuð af rúminu uppi á loptinu verði haft til að geyma þar það sem alþingi á óselt af alþingistíðindunum, með því móti, að alþingi sjálft borgi það, sem gengur til að koma loptsrýminu í það lag, sem til þessa þarf, og að endingu hafið þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvernig eigi að borga kostnað þann, sem gengur til viðhalds optnefnds bókahúss eptirleiðis.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um hið síðasta attriðið í bréfi yðar, skal yður til vitundar gefið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um að borga yður upphæð ofan nefnds reiknings, þegar þér krefist þess, að kostnaður sá, sem kann að ganga eptirleiðis til viðhalds bókahússins, skal greiddur af fê því, sem veitt er í fjárhagslögunum á ári hverju til viðhalds skólahússins og þess, sem því fylgir, og að stjórnarráðið ekki hefir neitt á móti því, að þér hafið boðið umsjónarmanni skólans að hafa á hendi umsjón yfir bókahúsinu, nè heldur að þér hafið gefið stíptsbókasafninu og alþingi leyfi til að nota fyrst um sinn nokkuð af húsinu, en samt því að eins, að leyfi það sé ekki því til fyrirstöðu, að bókasafni prestaskólans verði komið þar fyrir, því eins og stjórnarráðið álitur sjálfsagt, að það eigi að geyma hið síðast nefnda bókasafn í hinu nýja bókahúsi, eins álitum vèr nauðsynlegt, að þeir 20 rd., sem hingað til hafa verið veittir í fjárhagslögunum á ári hverju til leigu fyrir húsrúm handa bókum prestaskólans, verði látnir falla burtu framvegis, en vèr höfum samt ekki viljað gjöra frekara í því efni, fyr en vèr með næstu ferð höfum fengið skýrslu yðar um það.

Að því er loksins snertir uppástungu yðar, herra stíptamtaður og háæruverðugi herra, um þóknun handa manni þeim, sem þér hafið falið á hendur umsjónina með byggingu bókahússins, þá virðist stjórnarráðinu ekki vert að leggja neinn úr-

1867.

skurð á það, fyr en vèr einnig með næstu ferð höfum fengið álit yðar útaf skjali því, er hingað hefir borizt síðan og fylgir 9. nóvember. bréfi þessu, þar sem Klentz timburmeistari, er áður hefir sókt um að fá endurgoldinn skaða þann, er hann hefir haft af að byggja bókahúsið, sendir stjórnarráðinu tvö vottorð, sem einnig fylgja í staðfestu eptirriti með bréfi þessu, um þann hluta skaðans, sem leiðir af að hann tók við grjóti því, er Sverrir Runólfsson, steinhöggvari, hafði lagt til.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 12. nóvember.
 yfir Íslandi, um skilning á tilskipuninni um vegina
 á Íslandi 15. marzmán. 1861.

Í bréfi dagsettu 9. októbermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá ástandi veganna í suðuramtinu, og um leið vikið á ýmsa galla, er yður virðast vera á ákvörðununum í vegatilskipuninni 15. marzmán. 1861, er lúta að því að koma á nýtilegum þjóðvegum í landinu, og einkum á það, hversu æskilegt það væri, að uppástungurnar um aðgjörð á þjóðveg-unum skuli samdar fyrir hvert amt um sig, en ekki hverja sýslu, og að vegabótagjaldið úr öllum sýslunum skuli renna í sameiginlegan vegabótagjöld, og að amtmönnunum væri leyft að taka fè til láns, til þess að koma þjóðvegunum eins fljótt og verður í það horf, sem tilskipunin ákveður. Hafð þér sèr í lagi tekið fram, að ein sýsla í suðuramtinu, það er að segja Gullbringu- og Kjósarsýsla, sè mjög illa stödd að því er snertir þjóðvegi þá, sem liggja um hana, og að þér fáið ekki sèð, að þessari sýslu muni nokkurntíma takast að koma þjóðvegum sínum í lögboðið horf, nema hún fái aðstoð af vegabótagjaldinu úr hinum sýslunum, en að yður, eptir yðar skilningi á ákvörð-ununum í tilskipuninni frá 1861, virðist ísjárvert að veita slíka hjálp, á meðan ekki er búið að koma öllum þjóðvegunum í hinum sýslunum í það stand, sem lögboðið er.